

Umsögn um sýni af heitu vatni frá
Sumarliðabæ og Þjórsártúni

Gestur Gíslason

Greinargerð GG-83-03

~~UMSÖGN UM SÝNI AF HEITU VATNI FRÁ SUMARLIÐABÆ OG ÞJÓRSÁRTÚNI
Í ÁSAHREPPI.~~

Þann 22. mars 1982 var farið að Sumarliðabæ og Þjórsártúni í Ásahreppi til þess að kanna jarðhita þar. Var þá meðal annars safnað tveimur sýnum í landi Sumarliðabæjar og einu sýni í Þjórsártúni. Niðurstöður efnagreininga á þessum sýnum eru sýndar í meðfylgjandi töflu (Styrkur efna í mg/kg):

	Sumarliðabær		Þjórsártún
	Staður 1	Staður 2	
Hiti	14.0	31.6	30.2
pH/C	8.72/23	9.05/23	8.00/23
SiO ₂	36.0	42.09	44.9
Na	58.12	100.09	100.25
K	0.64	2.13	2.56
Ca	6.62	7.62	15.18
Mg	0.36	0.75	2.37
CO ₂	74.48	34.57	35.42
SO ₄	12.3	74.3	21.8
H ₂ S	< 0.05	< 0.05	< 0.05
Cl	28.6	82.1	145.0
F	0.55	0.46	0.28
Uppl. efni	194.2	341.8	353.9

Sumarliðabær

Sá sýnatökustaður sem er merktur númer 1 í töflunni er í skurðbakka rétt við útihús sem eru heimundir bæ, en staður 2 er um 1 km norðaustur frá bænum. Volgra sem þar var hefur verið grafin upp og var gyfjan um 4 m djúp, en náði hvergi niður á fast, og var mikil for í gryfjubotninum. Heita vatnið bólaði þar upp og var erfitt að ná sýni af því án þess að það blandaðist köldu vatni, en af því var nóg barna.

Ef sýnin tvö frá Sumarliðabæ eru borin saman sést, að styrkur allra efna er mun lægri í fyrra sýninu heldur en því síðara og er svo einnig með hitastig. Bendir það til þess,

að fyrra sýnið sé blandað með köldu vatni enn frekar heldur en það síðara. Efnahitamælar benda til þess, að vænta megi 50-70 C heits vatns með borun. Ennfremur verður að hafa í huga, að sýnataka var erfið, og er hætt við að síðara sýnið hafi mengast yfirborðsvatni við söfnunina. Blöndunin veldur því, að þeir efnahitar sem notaðir voru gefa of lágan hita, þannig að etv er líklegasti hitinn nær efri mörkunum heldur en þeim neðri.

ÞJÓRSÁRTÚN

Sýnið er tekið þar sem nokkrar volgrur koma fram á lækjarbakka. Lækurinn rennur austanundir holtinu sem bærinn stendur á og fellur í Þjórsá þar sem heitir Lón. Jarðhitinn er líklega í innan við 1 km fjarlægð frá bænum. Hann kemur fram í jökulleir um sprungu sem stefnir N30A.

Efnasamsetning vatnsins er nokkuð áþekk sýnunum frá Sumarliðabæ. Klórstyrkur er heldur meiri hér, en efnahitamælar benda til svipaðs hitastigs. Sýrustig er nokkuð lágt, sem gæti bent til blöndunar við kalt vatn, en tiltölulega háir styrkur uppleystra efna styður ekki þá tilgátu.